

# Þingsályktun

## um eflingu græna hagkerfisins.

Alþingi ályktar að hefja skuli undirbúning eflingar græna hagkerfisins á Íslandi með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Alþingi samþykkir að kjósa níu manna nefnd með fulltrúum þingflokka sem hafi það verkefni að kortleggja sóknarfæri íslensks atvinnulífs á sviði grænnar atvinnusköpunar. Nefndin skal m.a. gera tillögur um stjórnvaldsaðgerðir og úrbætur á stoðkerfi atvinnulífsins sem ýtt geti undir vöxt græna hagkerfisins auk þess að leita leiða til að styrkja stöðu sjálfbærrar þróunar í efnahags- og atvinnustefnu þjóðarinnar. Sérstök áhersla verði lögð á að greina hvernig bæta megi alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vistvænnar atvinnustarfsemi. Nefndin skal gera tillögur um lagabreytingar er þjóni framangreindum markmiðum og setja mælanleg markmið um fjölgun grænna starfa í íslensku atvinnulífi. Þess verði gætt að samþætta tillögur nefndarinnar við ýmsar áætlanir stjórnvalda sem tengjast atvinnu- og umhverfismálum, svo sem *Velferð til framtíðar*, *Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða*, *20/20 Sóknaráætlun* og *Byggðaáætlun*.

Nefndin skal skipuð fulltrúum þingflokka og skal hún skila niðurstöðum fyrir 1. mars 2011. Þingflokkar sem ekki eiga kjörinn mann í nefndinni hafa heimild til áheyrnaraðildar. Nefndin getur ráðið sér starfsmann og skal fjárheimilda í því skyni aflað í fjáráukalögum ársins 2010.

*Samþykkt á Alþingi 10. júní 2010.*